

Brjef dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups, um **44**
afhending Þingmúlakirkju í hendur söfnuðinum. **13. ágúst**

Eftir móttöku brjefs yðar, háæruverðugi herra, dags. 5. þ. m., þar sem þjer skýrið frá því, að prófasturinn í Suður-Múlaprófastsdæmi, hafi með brjefi 24. f. m. sent yður eftirrit afhendingargerðar, sem fram fór í Þingmúla 17. f. m., þar sem söfnuðurinn samþykkir að taka við kirkjunni í Þingmúla eins og hún nú er, ásamt því, er kirkjunni fylgir og fylgja ber, gegn því að greiddar verði með kirkjunni sem álag á hana þær kr. 1078,81, sem við yfirúttekt 1925 voru metnar í álag á hana að frádregnum sjóði kirkjunnar í hinum almenna kirkjusjóði, skal yður hjermeð tjáð, að ráðuneytið samþykkir tjeða afhendingu Þingmúlakirkju í hendur söfnuðinum með 1078,81 króna álagi.

Brjef dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups, um **45**
flutning sóknarkirkjunnar að Presthólum. **20. ágúst**

Eftir ósk hlutaðeigandi sóknarnefndar og að undangengnum öðrum undirbúningi, veitir ráðuneytið hjermeð samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, dags. 5. þ. m., og með skírskotun til 4. gr. í lögum nr. 45, 16. nóvbr. 1907, um skipun prestakalla, leyfi til þess að söfnuðurinn í Presthólasókn í Norður-Þingeyjarprófastsdæmi megi flytja kirkju sína frá Presthólum að Snartarstöðum, með því skilyrði, að hið nýja kirkjuhús verði reist heima við bæ á Snartarstöðum, en eigi utan túns.

GJALDSKRÁ

fyrir

notkun rafmagns í Seyðisfjarðarkaupstað.

1. gr.

Verð á rafmagni til lýsingar er um straumtakmarkara fyrir árið:

Fyrir	50 watt	kr.	32.00
—	75	—	48.00

46
2. apríl